

# Fjallskilaboð í Kjósarhreppi 2024

Fjallskil til lögrétta í Kjósarhreppi á þessu hausti verða á eftirtöldum dögum í **Kjósarrétt**.

1. rétt verður sunnudaginn 15. september kl. 15:00
2. rétt verður sunnudaginn 29. september kl. 15:00

*Samkvæmt 10. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr.775/2020 segir:*

*Allir, sem jörð hafa til ábúðar eða umráða, og allir sem sauðfé eiga eða hafa undir höndum eru fjallskilaskyldir samkvæmt fyrirmælum sveitarstjórna eða fjallskilanefnda. Hver maður er fjallskilaskyldur í því sveitarfélagi þar sem hann notar upprekstrarland fyrir fé sitt eða á land. Til leita í hverju upprekstrarlandi ber einkum að skipa þá er það nýta.*

*Samkvæmt 11. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr.775/2020 segir:*

*Aðalhaustleitir skulu vera tvennar. Þá skal smala allt land þar sem fénaður hefur gengið á sumarheit, sem mest á sama tíma. Sérstaklega skal þess gætt að göngur fari fram samtímis á samliggjandi leitarsvæðum svo að eigi verði misgöngur. Skulu leitarstjórar hafa samráð um þá tilhögun sem best er talin henta til að tryggja samræmingu við smölun.*

Helgi Guðbrandsson, Hækingsdal sér um smölun á landi Stóra-Botns, sunnan varnargirðingar.

Réttarstjóri í Kjósarrétt verður Helgi Guðbrandsson, Hækingsdal.

Marklýsingarmenn í Kjósarrétt verða Dóra S. Gunnarsdóttir, Hækingsdal og Þorbjörg Skúladóttir Írafelli

Í útréttir fara eftirtaldir:

1. Þingvallarétt Helgi Guðbrandsson, Hækingsdal
2. Þingvallarétt Helgi Guðbrandsson, Hækingsdal

*Sveitarstjórn Kjósarhrepps*